# 166. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 10. ágúst 2020 og hófst hann kl. 08:15.

**Fundinn sátu:**
Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2005361 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Þjóðbraut 3**

Grenndarkynningu lokið 28. júlí 2020.

*Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir eigendum við Dalbraut 2, Dalbraut 4 og Stillholti 23 og þjóðbraut 1.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**2. 1911181 - Deiliskipulag - Garðabraut 1**

Erindi frá Teiknistofu arkitekta, Árna Ólafssyni, f.h. KFUM og KFUK á Akranesi þar sem óskað er eftir því að tillaga að deiliskipulagi Garðabrautar 1, sem félagið hefur látið vinna, verði auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

*Skipulagslýsing var auglýst og kynnt í apríl 2020 og kynningarfundur haldinn um skipulagstillöguna 16. júlí 2020.*
*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**3. 2004155 - Deiliskipulag Stofnanareits - Kirkjubraut 39 breyting**

Breyting á deiliskipulagi felst m.a. í því að í stað þess að heimilt sé að byggja húsnæði með verslun og þjónustu með hótelrekstri verður heimilt að byggja húsnæði með verslun og þjónustu með íbúðum í stað hótels.

*Kynningarfundur haldinn um skipulagstillöguna 16. júlí 2020.*
*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

RS
ÓA

**4. 1911011 - Höfðasel 16 - viðhaldsverkefni**

Lagfæring girðingar umhverfis gámasvæði Höfðaseli 16.

*Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:*

*Árni Garðar Svavarsson 8.419.537*
*Öryggisgirðingar ehf 8.160.085*
*GS Import ehf 17.529.250*

*Kostnaðaráætlun 9.901.463*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að samið verði við lægstbjóðanda um verkið enda uppfylli hann útboðsgögn.*

**5. 2007056 - Umhverfisviðurkenningar - tilnefningar 2020**

Ása Katrín Bjarnadóttir kynnir tilnefningar til Umhverfisviðurkenningar Akraneskaupstaðar 2020.

*Ása Katrín Bjarnadóttir tekur sæti undir þessum lið.*
*Skipulags- og umhverfisráð tók fyrir tilnefningar til umhverfisviðurkenninga 2020.*
*Skipulags-og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi tillögur að viðurkenningum í eftirfarandi flokkum:*

*Einbýlishúsalóð, hvatningarverðlaun, samfélagsverðlaun, tré ársins, falleg aðkoma*

*Ása Katrín Bjarnadóttir víkur af fundi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

